

# Dásamleg 40 ár að baki



Ingunn stóð vaktina á sunnudag ásamt sínum konum sem buðu gestum og gangandi upp á pylsur og drykki í sólinni í tilefni af 40 ára afmæli Pylsuvagnsins. Fjöldi manns var samankominn til að fagna áfanganum og fylgdust með BMX bros sýna listir sínar við árbakkann. Hér er Ingunn ásamt starfsfólki Pylsuvagnsins. Ljósmynd: Dagskráin/HGL

„Og þetta er fyrsti sumar-dagurinn!“, sagði Ingunn Guðmundsdóttir, eigandi Pylsuvagnsins á Selfossi, með bros á vör þegar blaðamaður Dagskrárinnar óskaði henni til hamingju með 40 ára afmælið, sem haldið var uppá með pompi og prakt

í blíðskaparveðri síðastliðinn sunnudag.

Pylsuvagninn stofnaði Ingunn ásamt eiginmanni sínum við Ölfusárbrú þann 9. júní árið 1984, þá þriggja m<sup>2</sup> vagn. Ári síðar var hann stækkaður upp í 7 m<sup>2</sup> og árið 1988 varð fyrsta bíla-

lúgan á Selfossi að veruleika, þegar vagninn var stækkaður upp í 14 m<sup>2</sup> og um leið færður niður að Tryggvaskála, þar sem hann stóð í sjó ár, áður en hann var fluttur aftur á sinn stað árið 1995 og þá byggður nýr 22 m<sup>2</sup> vagn frá grunni, sem hélt

þangað til árið 2009, þegar hann var löngu búinn að sprengja allt utan af sér og var stækkaður upp í þá 86 fermetra sem hann telur í dag.

Nú er þó komið að kaflaskilum hjá Ingunni og hefur hún ákveðið að selja Pylsuvagninn

og reksturinn og kemur það til með að skýrast á næstu vikum hver tekur við þessum farsæla rekstri. „Við erum búnar að hugsa þetta í tvö ár, en ég sagði við dóttur mína að mig langaði að halda upp á 40 ára afmælið og það er núna í dag, í þessu blíðskaparveðri“, segir Ingunn.

„Þetta er hefur verið alveg dásamlegur tími, allar stelpurnar sem ég hef haft í vinnu hafa verið svo yndislegar, ég hef alltaf verið svo heppin með starfsfólk að það er engu lagi líkt. Við kennum þeim frá upphafi, göngum fyrstu vaktina með þeim og kennum þeim, svo taka vaktstjórnarnir við og halda áfram kennslunni“, bætir hún við.

Aðspurð um leyndarmálið á bakvið frábært minni starfsfólks Pylsuvagnsins, segir Ingunn hlæjandi að þær séu allar með „límheila“, en bætir við að þetta komi með æfingunni. Er starfsfólk vagnsins þekkt fyrir að skrifa aldrei niður pantanir, en tekst nánast án undantekninga að skila þeim réttum í bílinn, sama hversu stór pöntunin er.

Ingunn segist sátt við árin sem hún á að baki. „Ég geng mjög sátt frá borði, nú fer ég bara að leika mér“, segir hún kát að lokum. HGL

## Tólf þúsund íbúar í Árborg



F.v: Bragi bærarstjóri, Margrét, Söldis Silja, Adam Örn, óskirður Adamsson og Kjartan, forseti bæjarstjórnar. Ljósmynd: Aðsend.

Íbúar Árborgar urðu 12.000 þann 1. júní sl., þegar þeim Margréti Lúdvígsdóttur og Adam Erni Stefánssyni fæddist drengur á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, en drengurinn er annað barn þeirra Margrétar og Adams og jafnframt tólfþúsundasti íbúi Árborgar.

Bragi Bjarnason, bærarstjóri Árborgar og Kjartan Björnsson, forseti bæjarstjórnar heimsóttu fjölskylduna af því tilefni og færðu unga drengnum árnaðar-óskir og veittu fjölskyldunni gjafir frá Sveitarfélaginu og Yrju barnavörðslun.

## Jón og Gunna vinsæl í Árborg

Til glöggvunar var íbúafjöldi í Árborg 12.023 sl. mánudag, þegar þetta var ritað, en í sveitarfélaginu voru skráðir 6.114 karlar, 5.900 konur og 9 kynsegin/annað. Af íbúum er fjölmennasti hópurinn á aldrinum 15-19 ára, 888 manns, 426 kvenkyns, 461 karlkyns og 1 kynsegin. Algengasta karlmannsnafnið í sveitarfélaginu er Jón, en þeir eru 175 talsins og algengasta kvenmannsnafnið er Guðrún, þær eru 144.

HGL



Minna stress og meiri gleði

## Fáðu fagmann í verkið



**PÍPULAGNIR**  
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656




Framúrskarandi fyrirtæki 2023

## Škoda Octavia 4x4

Nú á sérstöku tilboðsverði 6.490.000 kr.



Rúmgóður, traustur og sparneyttinn fjölskyldubíll, fullkominn fyrir íslenskar aðstæður







# Sendibílar á Suðurlandi

**Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu**  
**Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir**  
**Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.**

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f /keyrsla.is](#)

## Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



**Samkvæmt 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstaða sveitarstjórnar vegna eftirfarandi aðalskipulagsbreytinga.**

### Stóra- Mörk, breyting á aðalskipulagi

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti til lögu aðalskipulagsbreytingar þann 8. febrúar 2024, sem tekur til breytinga á landnotkun við Stóru-Mörk 3, L163810 og Stóru-Mörk 3b, L224421. Landbúnaðarland fer undir 3,4 ha verslun- og þjónustusvæði (VP32) og um 25,1 ha svæði undir afþreyingar- og ferðamannastaði (AF12) ásamt 25,1 ha svæði undir skógræktar- og landgræðslusvæði (SL15). Niðurstaða sveitarstjórnar tilkynnist hér með.

### Dílaflöt, breyting á aðalskipulagi

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti til lögu aðalskipulagsbreytingar þann 11. janúar 2024, sem tekur til breytinga á landnotkun við Dílaflöt, L234644. Um 25 ha landbúnaðarland fer undir verslun- og þjónustusvæði (VP31). Niðurstaða sveitarstjórnar tilkynnist hér með.

### Strengur frá Rimakoti til Vestmannaeyja, breyting á aðalskipulagi

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti til lögu aðalskipulagsbreytingar þann 21. mars 2024 sem gerir ráð fyrir jarðstrengjum frá Rimakoti, eða Vestmannaeyjarlínu 4 og Vestmannaeyjarlínu 5. Niðurstaða sveitarstjórnar tilkynnist hér með.

### Eystra-Seljaland F7, breyting á aðalskipulagi

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti til lögu aðalskipulagsbreytingar þann 12. október 2023, sem tekur til breytinga á landnotkun við Eystra-Seljaland F7, L231719. 20,3 ha landbúnaðarland verður að verslunar- og þjónusutsvæði (VP30).

**Þóra Björg Ragnarsdóttir**  
**Fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs**  
**Rangárþings eystra**

# Mjólkurbúið mathöll og Dineout sameina krafta sína í miðbæ Selfoss

Dineout og Mjólkurbúið mathöll á Selfossi hafa tilkynnt um formlegt samstarf sín á milli en teymi Dineout og forsvarsmenn Mjólkurbúsins hafa unnið náið saman síðustu mánuði í að besta ferla og innleiða hugbúnaðarlausnir Dineout á veitingastaði í mathöllinni.

Forsvarsmenn félagsins mörkuðu sér strax í upphafi skýra stefnu. Þeir óskuðu eftir betri yfirsýn í bakendakerfi, aukinn sýnileika í gegnum markaðstorg Dineout og að ná til erlendra ferðamanna sem Dineout er með á sínum miðlum og í gegnum systur vörumerki sitt „Icelandic Coupons“.

## Sannkallað matarmenningarhús

Mjólkurbúið er staðsett í glæsilegum nýjum miðbæ Selfoss. Í mathöllinni má finna átta veitingastaði, glæsilegan bar, púlu frá Skor og skýrsýningu í 1.500 fermetra rými með sæti fyrir yfir 300 manns. Staðir innan Mjólkurbúsins eru Ísey Skyr Bar, Menam Thai Food, Röstí, Menam DimSum, Takkó, Samúelsson Matbar, Romano Pasta, Flatey Pizza, Risið Vínbar og Skyrland.

## Þjónusta skiptir öllu máli

„Við erum afar ánægð með að



Elisabet Ósk Guðlaugsdóttir, rekstrarstjóri Mjólkurbúsins og Andri Björn Indriðason, sölustjóri hjá Dineout. Ljósmynd/Aðsend.

hafa hafið samstarf við Dineout og vera orðin hluti af þeirra stóra og glæsilega markaðstorgi. Það ríkir augljóslega mikill metnaður innan fyrirtækisins og allar þær væntingar og lausnir sem við óskuðum eftir hafa verið uppfylltar og leystar. Við leggjum mikið upp úr því að þjónusta viðskiptavini okkar sem allra best og að allt umhverfi og rekstur sé til fyrirmyndar. Þess vegna er traust og gott samstarf sem þetta okkur mikilvægt. Við hlökkum til að taka á móti gestum okkar í sumar þar sem miðbær Selfoss mun iða af lífi“, segir Elisabet Ósk Guðlaugsdóttir, rekstrarstjóri Mjólkurbúsins.

## Verð fastagestur í sumar

Andri Björn Indriðason, sölustjóri hjá Dineout er virkilega stoltur af samstarfinu og fagnar þeirri matarmenningu sem hefur sprottið upp á Selfossi. „Teymi Dineout þjónustar yfir 50 staði með hugbúnaðarlausnum á Suðurlandi og þeim fjölga ört. Ætli við fjölskyldan verðum ekki fastagestir á Suðurlandinu allar helgar í sumar! Það er virkilega gaman að vera partur af svona uppbyggingu sem færir öllum landshlutum góðan mat. Fleiri mathallar verkefni eru á borðinu hjá Dineout og þakkar Andri fyrir það traust sem rekstraraðilar bera til teymi Dineout.

# Sameiningarhugleiðingar

Árið 1946 klauf Hveragerði sig frá Ölfushreppi. Á þeim árum var að myndast þéttbýli í Hveragerði, en í Ölfusi var hefðbundið bændasamfélag – Þorlákshöfn nánast ekki til. Skilin voru að frumkvæði Hvergerðinga en þó ekki að ég hyggt í almennri óþökk Ölfusinga. Hagsmunir voru svo ólíkir og íbúar líka. Íbúar Hvergerðis voru garðyrkjumenn og efnalitlir listamenn, ljóðskáld, rithöfundar og listmálarar, sem nýttu sér jarðhitann til reksturs og upphitun hýbýla og gróðurhúsa. Hagsmunir Hvergerðinga og bændu voru ólíkir og því urðu þessi þáttaskil 1946.

Á þessum árum var ákveðinn togstreita milli þéttbýlis og dreifbýlis alls staðar á Íslandi. Fólk af landsbyggðinni streymdi á þéttbýlisstaðina við sjávarsíðuna í leit að betri afkomu. Reykjavík hafði nartað úr Seltjarnarneshreppi í fjölda mörg ár, keypti bújarðir og fékk síðan Alþingi til að samþykkja breytingu á lögsagnarumdæminu. Sömu sögu er að segja um klofningu Kópavogs frá sama hreppi. Þar skildust að þéttbýli og búskapur. Svo klofningurinn við Ölfus var

ekkert einsdæmi.

Frá 1946 hefur margt gerst í báðum bæjarfélögum. Þorlákshöfn byggðist upp sem stór útgerðarbær og þar er nú líka stór innflutningshöfn. Hefðbundinn landbúnaður nánast horfinn. Aðeins ein jörð í Ölfusi stundar hefðbundinn landbúnað í dag. Fiskeldi á landi er þar orðin stór atvinnugrein og framtíðin er mjög björt. Hveragerði hefur á hinn bóginn þróast á allt annan hátt, áherslan áfram á ylrækt og heilbrigðismál en ferðaþjónustan hefur vaxið mjög mikið m.a. í góðri samvinnu við Ölfus.

Fyrir nokkrum árum fór fram íbúakosning um sameiningu Ölfuss og Hveragerðis. Niðurstaðan var sú að íbúar Hveragerðis samþykktu sameiningu með miklum mun, en sameiningin var felld í Ölfusi. Kom það undirrituðum, „innflytjanda“ í Hveragerði, á óvart eins og reyndar mörgum öðrum. Leituðu menn skýringa því almennt var talið jákvætt fyrir báða aðila að sameinast. Sumir töldu ástæðuna þá að Hveragerði hefði slitið sig frá Ölfusi í óþökk Ölfusinga, eins og hjónaskilnaður, en það stendst sennilega ekki skoðun.

Ástæðan er frekar sú að samvinnan milli bæjarfélaganna er ekki eins góð og hún ætti að vera. Kosninganiðurstaðan bendir til slíks, og þá þurfa Hvergerðingar að taka sér tak. En kannske voru þetta skipuleg samantekin ráð í Ölfusi og þá var könnunin sóun á tíma og peningum. Hver svo sem skýringin er, þá er það bara tímaspursmál hvenær ný íbúakosning um sameiningu mun eiga sér stað – Ef sú kosning yrði, færi Hveragerði trúlega aftur í faðm Ölfusar á ný, enda væru það hagsmunir beggja aðila. Þá eru líka raddir um að Ölfus sameinast Árborg eða Reykjavík, jafnvel að allir í Árnessýslu sameinuðust. Líklegasta þróunin er samt sú að sameiningarnar verði ekki í stórstökkum heldur í smáum skrefum, og byrjað á að litla „frímerkið“ Hveragerði renni saman við stóra bróður Ölfus í náninni framtíð. Svo verður tekið næsta skref og enn annað ef það reynist vel. Hagsmunaréklar eru ekki til staðar en það þarf hugarfarsbreytingu í báðum bæjarfélögum.

Róbert Pétursson






# SUMAR VEISLA



**JOTUN**  
Pallaolía og viðarvörn  
og útimálning  
**25%**



Gardhúsgögn  
**25-35%**



**Parket útsala**  
Parket og flísar  
**25-40%**



**AVASCO**  
Hillurekkar  
**20%**



Nilfisk  
Håprýstidælar  
**20%**



**20%**  
Sláttuvélar og valin garðverkfæri  
**BLACK+DECKER AL-KO WORX TEXAS**



Uppblásnir raf-  
magnsnuddpottar  
**20%**

# TAX FREE SUMARBLÓM

TAX FREE JAFNGILDIR 19,35% AFSLÆTTI



**33%**  
Hortensía  
Stórar og fallegar.  
11219108  
**3.990 kr**  
~~5.990 kr~~



**28%**  
Stjúpur  
10 stk. 10210630  
**1.790 kr**  
~~2.490 kr~~



Skoðaðu  
öll tilboðin





# Hannyrðahornið

## Harpa

Hör er dásamlegt hráefni sem gaman er að þrjóna úr og flíkin verður létt og þægileg. Peysan Harpa er þrjónuð ofan frá og niður úr einfaldri hörblöndu (37% viscose, 34% hör og 29% bómull) og tvöföldum mohair til skiptis. Í Hannyrðabúðinni fæst úrval af þessu garni í fjölda fállegra lita.

**Stærðir:** S - M - L

**Efni:** Litur a: Linea hör 3 - 3 - 4 dk, litur b: Anisia mohair 2 - 2 - 2 dk. Hringþrjónar nr. 3,5 - 40 og 60 sm langir, þrjónamerki, þrjónanælur.

### Mynstur:

1. umf sl með lit b.
2. umf br með lit b.
3. + 4. umf sl m lit a.
5. umf sl m lit b.
6. umf br með lit b.
7. umf sl m lit a.
8. umf 2 sl, 2 br út umferðina.
9. umf 1 sl, sláð upp á, 1 sl, 2 br út umferðina.
10. umf. 3sl, 2 br út umferðina.
11. umf. takið 1 sl óþrjónaða, þrjónið næstu 2 sl og steypið svo óþrj. lykkjunni yfir þessar 2 sl, 2 br, endurtakið út umferðina.
- Endurtakið umferðir 8 - 11 tvisvar sinnum.
20. umf. 2 sl, 2 br út umferðina.

### Bolur:

Uppskriftin byggir á mynsturbekkjum sem taka yfir 20 umferðir (sjá mynstur skýringu hér að ofan). Fitjið upp með mohair 68 - 72 - 76 l og þrjónið 1 umf brugna. Skiptið yfir á lit a og þrjónið stroff 2 sl, 2 br alls 10 - 11 - 12 umferðir. Hér er gott að setja þrjónamerki til að marka byrjun umferðar. Þrjónið næstu umf sl með lit a og aukið út um 16 - 18 - 19 l jafnt yfir umferðina (u.þ.b. eftir 3ju hverja lykkju), alls 84 - 90 - 95 l á þrjóninum. Í 5. umferð er aftur aukið út um 28 - 32 - 33 l jafnt yfir þrjóninn (u.þ.b. eftir 3ju hverja lykkju), alls 112 - 122 - 128 l á þrjóninum. Í 8. umferð er aukið út um 28 - 30 - 32 l (u.þ.b. eftir 4 hverja lykkju), alls 140 - 152 - 160 l á þrjóninum. Næstu útaukningar eru alltaf gerðar í 1. umf mynsturs og 8. umf mynsturs. (Það þýðir að það eru alltaf 1 l fleiri á milli aukninga en var í útaukningunni á undan). Í stærð S eru þrjónuð alls 3 mynstur og umferðir 1-2 af fjórða mynstri áður en ermalykkjur eru settar á hjálparþrjón. Aukið er um 30 l jafnt yfir umferðirnar þar til 260 l eru á þrjóninum, næst er aukið um 32 l (292 l á þrjóninum þegar útaukningum er lokið). Í stærð M eru þrjónuð alls 3 mynstur og umferðir 1-7 af fjórða mynstri áður en ermalykkjur eru settar á hjálparþrjón. Aukið er um 32 l jafnt yfir umferðirnar í hvert sinn þar til komnar eru 312 l á þrjóninn þá er aukið um 40 l (352 l á þrjóninum þegar útaukningum er lokið). Í stærð L eru þrjónuð 4 mynstur og fyrstu 2 umf af fimmta mynstri (með útaukningu) áður en ermalykkjur eru settar á nælu. Alltaf er aukið um 36

**Hannyrðabúðin**  
Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314

Uppskrift:

**Póra Þórarinsdóttir**



l jafnt yfir umferðirnar (412 l á þrjóninum þegar útaukningum er lokið). Nú eru ermar settar á nælu, athugið að mynsturþrjónið heldur áfram. Þrjónið 86 - 104 - 122 l setjið næstu 60 - 72 - 84 á nælu, þrjónið 86 - 104 - 122 l setjið 60 - 72 - 84 á nælu. Þrjónið mynstu áfram á búk 4 - 4 - 5 sinnum og loks umferðir 1 - 6. Skiptið yfir á lit a, þrjónið eina umferð slétta og fækkið um leið um 8 - 12 - 16 l jafnt yfir þrjóninn (164 - 196 - 228 l á þrjóninum) og þrjónið brugðning 2 sl 2 br alls 10 - 11 - 12 umferðir. Skiptið yfir á lit b, þrjónið eina umferð sl og fellið af með br lykkjum.

### Ermur:

Takið lykkjurnar af nælunni og þrjónið í hring skv. mynstri. Gott er að setja þrjónamerki við upphaf umferðar. Í fyrstu og 8 umferð mynsturs er fækkað um 2 l þannig að önnur og þriðja lykkja umferðar eru þrjónaðar saman og aftur tvær á undan síðustu lykkju umferðar. Þrjónið alls 5 - 5 - 6 mynsturbekki (auðvitað má hafa ermarnar síðari eða styttri að villd, hér eru þær svokallaðar „trekvar“ sídd, en athugið að auðvelt er að máta peysuna til að sjá hæfilega lengd). Ljúkið með umferðum 1 - 6. Skiptið yfir á lit b og takið saman l þannig að 40 - 44 - 48 l séu á þrjóninum og þrjónið stroff 2 sl, 2 br, alls 10 - 11 - 12 umferðir. Skiptið yfir á lit b, þrjónið eina umferð sl og fellið af með br lykkjum. Gangið frá endum og skolið úr mildu sápuvatni.

Allar uppskriftir Hannyrðahornsins eru aðgengilegar inni á DFS.is!



## Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson  
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Innan Flokksins ungur her, orð svo ljótt um bátinn. Kallinn drullu eitthvað er, einn í burtu er látinn.

- Svar við gátu í blaði 2755: AUSA
2. AUSA bátinn
  3. AUSA, skvettu upp rassinum - 4. (a) AUSA



## Sunnlenski matgæðingurinn



Berglind Rós Ragnarsdóttir er matgæðingur vikunnar að þessu sinni.

Ég vil þakka henni Gunnu Möggu vinkonu minni og samstarfskonu kærlega fyrir þessa skemmtilegu áskorun.

Ég ákvað að deila með ykkur uppskrift af stroganoffi sem ég elda 2-3x í mánuði við mikinn fögnuð fjölskyldunnar. Þetta er jafnvel enn betra daginn eftir svo máli með að gera ríflegt magn og borða dagana á eftir.

### Nautastroganoff

- 500-700 g nautakjöt skorið í strimla (nota sjálf oftast Sirloin en hægt að nautagúllas líka)  
2 msk. ólívuólía  
2-3 msk. smjör  
1 lítill laukur skorinn gróft  
250 g sveppir skornir í sneiðar (mér finnst best að hafa þá svolítið þykkskorna)  
1 hvítlauskgeiri rifinn niður  
1 msk. hveiti  
2,5 dl nautasóð  
2-3 dl rjómi  
1/2 dl sýrður rjómi (18-36%)  
1 msk. Worcestershire-sósa  
1/2 tsk. dijon sinnep  
Salt og svartur pipar eftir smekk

Hitið olíuna á pönnu og steikið kjötið í ca. 1 mínútu á hvorri hlið. Gott er að steikja fyrst annan helminginn af kjötinu og svo hinn því þá ná þeir að brúnast betur í stað þess að soðna á pönnunni. Setjið kjötið á disk og leggið til hliðar.

Næst setjið þið 2-3 msk af smjöri á pönnuna og steikið lauk og sveppi í um 8-10 mín eða þar til vökvinn hefur gufað upp og þetta er farið að brúnast

Ég vil skora á tengdamóður mína hana Gudrun Kloes að koma með uppskrift því allt sem hún eldar og bakar slær í gegn!

Matgæðingar eru beðnir að senda á [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is) uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



aðeins. Bætið þá hvítlaukum út á og steikið áfram í 1 mín. Þá er hveitið hrært saman við og svo nautasóðið (hellið því í litlum skömmum og hrærið stanslaust á meðan).

Hellið rjómanum núna saman við og leyfið þessu að malla í 2-3 mínútur eða þar til þetta fer að þykkna. Hrærið svo sýrða rjómanum við.

Núna fer Worcestershire-sósa og dijon sinnep saman við ásamt salti og pipar (smakkið til á þessum tímamarki og bætið við sinnepi, salti og pipar eftir smekk). Leyfið þessu að malla áfram í nokkrar mínútur og setjið svo steikta kjötið út í sósuna.

Látið þetta malla áfram stutta stund eða þar til kjötið hefur hitnað í gegn. Ég persónulega kys að leyfa þessu að malla góðan hálf tíma á lágum hita.

Þar sem ég á þýska fjölskyldu þá finnst mér best að borða þetta með Spätzle sem ég geri sjálf frá grunni og með sérstöku eldhúshaldi sem ég hef því miður ekki fundið á Íslandi. Því er kannski bara einfaldast að hafa kartöflumús með þessu sem klikkar aldrei.

## Við prentum ljósmyndir [honnun.prentmetoddi.is](http://honnun.prentmetoddi.is)

Pantað ljósmyndaprentun í öllum algengustu ljósmyndastærðunum.



Sími 482 1944  
[selfoss@prentmetoddi.is](mailto:selfoss@prentmetoddi.is)

SENDU HVERT Á LAND SEM ER



**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfossi, sími 482 1944, [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is), [dfs.is](http://dfs.is).  
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 956 0673, [helga@dfs.is](mailto:helga@dfs.is).  
Blámaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is).  
Auglýsingaeldi: Sími 482 1944, [auglysingar@dfs.is](mailto:auglysingar@dfs.is).

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X





# Miðpunktur tækifæra



## á fjölmennu svæði

Grímsnes- og Grafningshreppur hefur skipulagt nýtt athafnasvæði rétt suður af Borg, þar sem gert er ráð fyrir hreinlegum, léttum iðnaði og ýmiss konar fjölbreyttri starfsemi. Nýja athafnasvæðið felur í sér mikil tækifæri fyrir kraftmikið fólk sem vill skapa sér og öðrum atvinnu, miðsvæðis á fjölmennu þjónustusvæði á Suðurlandi.

**11 athafnalóðir lausar til umsóknar.**



20 mín.  
á Selfoss



2.500 bílar  
á dag



16–20 þús. manna  
þjónustusvæði



Kynntu þér möguleikana á [borgisveit.is](http://borgisveit.is)



GRÍMSNES- OG  
GRAFNINGSHREPPUR



# Útskriftar- og uppskeruhátíð Fræðslunetsins

Dagana 28. og 30. maí sl. fóru fram vorútskriftir Fræðslunetsins, annars vegar á Höfn í Hornafirði og hins vegar á Selfossi. Á þessu sinni luku 37 námsmenn formlegu námi af félagsliðagátt, leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabréu, mennta- stoðum og stökkpalli. Fjórir af þessum námsmönnum stunduðu námið á Höfn. Einnig fengu 25 þátttakendur staðfestingu á einingum sem þeir fengu metnar í

raunfærnimati; af félagsliðagátt, leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabréu, vinnumarkaðshæfni og sjúkraliðabréu.

Það var hátíðarbragur yfir báðum þessum athöfnum og áfanganum fagnað innilega af námsmönnum, starfsfólki Fræðslunetsins, samstarfsaðilum úr Birtu starfsendurhæfingu og gestum.

Berglind Ósk Borgþórsdóttir flutti ávarp fyrir hönd náms-

mannna á Höfn og í máli hennar kom meðal annars fram að hún hafi verið ánægð með ákvörðun sína að fara í nám og að ferlið hafi verið ánægjulegt, krefjandi og lærdómsríkt en líka skemmtilegt. Hún hvatti alla þá sem langar til að takast á við ný verkefni að skella sér í nám. Einnig ávarpaði Róslín Alma Valdemarsdóttir hópinn og minnti á hversu mikilvægt það væri fyrir íbúa samfélaga úti á landi að hafa tækifæri til náms- og starfsþróunar.

Á Selfossi flutti Eyjólfur Sturlaugsson, framkvæmdastjóri Fræðslunetsins stutt ávarp. Gígja Marín Þorsteinsdóttir söng þrjú lög og Kristófer Rúnar Baldursson ávarpaði samkomuna fyrir hönd námsmannanna. Hann var að ljúka námi af félagsliðagátt og var þakklátur fyrir þann stuðning sem hann fékk á leiðinni frá samnemendum sínum og starfsfólki Fræðslunetsins. Einnig kom fram í máli Kristófers að hann

hafi alla tíð verið hræddur við formlegt nám, ekki nýtt tækifærin þegar þau gáfust og átt erfitt með einbeitingu. Kristófer tók þátt í raunfærnimati og stytti þannig umfang námsins sem hann taldi hafa styrkt sig sem einstakling og starfsmann á vettvangi. Þetta var því persónulegur sigur fyrir hann.

Þó svo að hér sé talað um útskriftir eða námslok þá er það

nú þannig að við erum alltaf að læra og vísa einkunnarorð Fræðslunetsins til þess að í nútímasamfélagi þurfum við sífellt að bæta við okkur þekkingu og menntun.

Við óskum öllum útskriftarnemendum hjartanlega til hamingju með áfangann, velfarnaðar í framtíðinni og að allir draumar þeirra megri rætast.

Fræðslunet Suðurlands



**LAUGALANDSSKÓLI HOLTUM**

**Sérkennari, þroskaþjálfari, iðjupjálfi í 100% stöðu**

**Stuðningsfulltrúi/Skólaliði í 100% stöðu**

Við leitum að fólki sem er skapandi í starfi og hefur áhuga á að þróa, í samvinnu við starfsfólk, framsækið og faglegt starf með áherslu á fjölbreyttar námsnólganir.

Umsóknarfrestur er til og með 24. júní og skal senda umsóknir ásamt starfsferilskrá í tölvupósti á netfang skólastjóra

**JONAS@LAUGALAND.IS**  
Jónas Bergmann Magnússon  
skólastjóri  
8699010



**LAUGALANDSSKÓLI HOLTUM**

**Kennarar óskast á mið og elsta stig í 100% stöðu**

**Stuðningsfulltrúi/Skólaliði í 100% stöðu**

Við leitum að fólki sem er skapandi í starfi og hefur áhuga á að þróa, í samvinnu við starfsfólk, framsækið og faglegt starf með áherslu á fjölbreyttar námsnólganir.

Umsóknarfrestur er til og með 24. júní og skal senda umsóknir ásamt starfsferilskrá í tölvupósti á netfang skólastjóra

**JONAS@LAUGALAND.IS**  
Jónas Bergmann Magnússon  
skólastjóri  
8699010

## Að kafa með innsæi inn í tilfinningar og hugsanir kvenna segir lestrarhesturinn Þorbjörg Arnórsdóttir

Þorbjörg Arnórsdóttir er forstöðumaður Þórbergseturs á Hala í Suðursveit. Hún var og er mikill lestrarhestur en erill daganna veitir ekki alltaf hugarró til lesturs. Því hlustar hún mikið á bækur um þessar mundir og þá helst á akstri milli staða. Það er notalegt viðbót til að njóta bókmennta og nýta til þess tímann í innkaupaferðum og á lengri ferðalögum.

### Hvaða bækur ertu að lesa núna?

Um þessar mundir er ég að lesa bókina Úr þagnarhyl eftir Þorleif Hauksson sem fjallar um ljóðskáldið Vilborgu Dagbjartsdóttur. Það er sannkallaður yndislestur. Einnig eru ljóðabækur Vilborgar á náttborðinu ásamt öðrum ljóðabókum eins og Safnbók íslenskra ljóða og ljóðabækur Ingibjargar Haraldsdóttur. Ég er ein af þeim sem „gríp ljóðin sem hálmastrá“ svo notað sé orðalag Ingibjargar Haraldsdóttur. „Ljóðin eru nauðsynleg, þau hefja mann upp úr gráma hversdagsins.“ Ég er þeirrar skoðunar að ljóð eru listaverk sem fá hugann til að svífa og gefa einstaka lífsfyllingu. Ég les ljóð nær því á hverjum degi ef ég eignast friðarstund og þá oft sömu ljóðin.

### Hvernig bækur höfðu helst til þín?

Það eru ljóðabækur og ævisögur

sem segja frá lífsbaráttu liðinna kynslóða og þá skimar maður gjarnan eftir lífshlaupi og tilfinningum kvenna.

### Fékkstu lestraruppeldi í æsku?

Já ég var mikill lestrarhestur sem barn og varð snemma læs. Amma mín og nafna rétti mér margar bækur en þar má nefna skáldsögur Jóns Trausta, Elínborgar Lárusdóttur, Knuts Hamsun, Fjallkirkju Gunnars Gunnarssonar og fleiri verk. Svo lásam við amma allar ástarsögur Margrétar Ravn af mikilli áfergju. Uppáhalds barnabækurnar mínar eru Bróðir minn Ljónshjarta og Benjamín dúfa eftir Friðrik Erlingsson sem ég las fyrir skólabörnin í Hrollaugsstaðaskóla í Suðursveit á árum áður.

### Eitthvað sem einkennir lestrarvenjur þínar?

Í raun og veru ekkert sérstakt. Bókin er bara alltaf við hliðina á mér til að grípa í og síðan hlusta ég á bækur í bílnum. Það er afar handahófskennt hvenær er friðarstund eða hugarró til bók-lestrar.

### Áttu þér einhverja uppáhaldshöfundu?

Já margar en þar er auðvitað Þórbergur Þórðarson fremstur í flokki en einnig Guðmundur Böðvarsson Ljóðskáld. Af yngri höfundum er það Pétur Gunn-



arsson, Ari Trausti Guðmundsson, Vilborg Davíðsdóttir og Þórunn Jarla Valdimarsdóttir auk þeirra sem áður eru nefnd.

### En hefur bókalestur haldið fyrir þér vöku?

Í seinni tíð hefur það aukist að bækurnar hafi svæft mig. En ég hef átt margar langar nætur yfir spennandi lestrarefni áður fyrir.

### En að lokum Þorbjörg, hvernig rithöfundur býr í þér?

Ef ég væri rithöfundur myndi ég grúska í lífi formæðra minna og skrifa um þær „sannar sögur“ en reyna um leið að kafa með eigin innsæi inn í tilfinningar þeirra og hugsanir. Þannig mætti segja að sögur mínar yrðu nokkurskonar ævisögur með skáldlegu ívafi.

**Tillögur að áhugaverðum Lestrarhestum berist á netfangið jonozur@gmail.com**



# Tónlistarskóli Árnesinga – Innsýn í skemmtilegan vetur og fróðleikur

Okkur langar að gefa ykkur örliða innsýn í fjölbreytta starfsemi Tónlistarskóla Árnesinga í vetur.

Það er ótrúlega gaman að fylgjast með hve góðum árangri yngstu nemendum okkar ná og hve fljótt þeir eru farnir að spila hin flóknustu lög. Yngstu nemendur skólans eru 3 – 5 ára þegar þeir hefja nám við skólann, en sérþjálfaðir tónlistarkennarar sinna kennslunni samkvæmt Suzuki-kennsluaðferðinni (móðurmálsaðferð). Á öllum tónleikum skólans verðum við vitni að góðum árangri, sem fyllir nemendur, foreldra og kennara stolti og þakklæti yfir góðum árangri.

Hefðbundið klassískt og rytmið er hryggjarstykkið í skólastarfinu, þar sem ramminn er námskrá hvers hljóðfæris. Samspil og hljómsveitarstarf er mikilvægur þáttur í námi, en það veitir nemendum tækifæri til að æfa og flytja enn fjölbreyttari tónlist. Þar sem allir leggjast á eitt og stefnt er að sama marki, verður uppskeran ríkuleg og gleðileg. Auk hefðbundins skólastarfs sækja nemendur landsmót og fara jafnvel utan, eða fá gesti frá öðrum löndum. Slík samvinna milli skóla eða landa er alltaf mikil vítamínsprautu.

Innan skólans eru líka nemendur með ýmsar sérþarfir og fer námið þá fram á forsendum nemandans. Lítil afangi getur í því sambandi verið stórt og dýrmt skref fyrir einstaklinginn og um leið mjög eflandi.

Tónlistarskólinn er með starfsemi í öllum sveitarfélögum Árnessýslu og má á meðfylgjandi myndum frá tónleikum vetrarins, sjá lítið sýnishorn frá þeim fjölmörgu tónleikum sem haldnir voru í vetur.

Við þökkum nemendum okkar innilega fyrir ánægjulega samfylgd í vetur. Um leið hlökkum við til nýrra ævintýra á komandi



Blásaradeildartónleikar 3. nóv. 2023.



Blokklautudeildartónleikar 6. nóv. 2023.



Gítardeildartónleikar 8. nóv. 2023.



Strengjadeildartónleikar 9. nóv. 2023.



vetri og að kynna nýjum hópi nemenda.

Fréttir í máli og myndum, nánari upplýsingar um allar námsleiðir og umsókn um skólavist, má finna á heimasíðunni okkar [www.tonar.is](http://www.tonar.is).

Helga Sighvatsdóttir skólastjóri



Á myndinni má sjá hluta þátttakenda ásamt leiðbeinanda og fulltrúum frá Fræðslunetinu ásamt leiðbeinanda námskeiðsins, Ingibjörgu Ingadóttur.

## Íslenskunám fyrir starfsfólk HSU hjá Fræðslunetinu

Nýlega útskrifaðist hópur starfsfólks HSU (Heilbrigðisstofnunar Suðurlands) úr starfstengdu íslenskunámi sem var samstarfsverkefni Fræðslunetsins og HSU. Námið var í boði fyrir starfsfólk sem ekki hefur íslensku að móðurmáli og hefur staðið yfir í allan vetur, alls 27 vikur.

Námið fór fram á vinnustað, í matsal HSU, tvisvar sinnum í viku og að hluta til á vinnutíma. Þátttakendur voru á ýmsum stigum íslenskunnáttu, allt frá byrjendum til þess að skilja og tala íslensku nokkuð vel. Áhersla var á talmál og starfstengdan orðaforða ásamt því að læra lestur og ritun einfaldra setninga með fjölbreyttum kennsluaðferðum meðal annars með ljóðalestri og söng. Þá var fræðslu um íslenska menningu og samfélag fléttað inn í námið.

## Mikið um að vera í Listasafni Árnesinga

Það verður mikið um að vera í Listasafni Árnesinga þann 15. júní nk.

Klukkan 14:00 ræðir safnstjóri Listasafns Árnesinga, Kristín Scheving við listakonnuna Erlu S. Haraldsdóttur um sýninguna Draumur móður minnar.

Klukkan 15:00 heldur spjallið áfram en þá kemur Kristinn Már Pálmason og munu þau Kristín spjalla um sýninguna hans Kaþarsis.

Klukkan 15:30 hefst svo kynning og smíðja listakonnunnar Gígju Reynisdóttur.

Öll velkomin og ókeypis aðgangur.

Nánari upplýsingar er á vefsíðu safnsins og á samfélagsmiðlum.

## Sjötíu keppendur í fyrstu umferð Íslandsmótsins

Fyrsta umferð í Íslandsmóttinu í motocross fór fram laugardaginn 8. júní. Keppnin var haldin í nýrri krefjandi sandbraut á Hellu. Sjötíu keppendur voru skráðir til leiks. Tökenndur

UMFS komust á verðlaunapall í þremur flokkum. Alexander Adam Kuc varð í öðru sæti í flokknum MX1. Eric Máni Guðmundsson varð í fyrsta sæti í flokknum MX2 og Ásta Petrea

Hannesdóttir varð í þriðja sæti í kvennaflokknum. Önnur umferð í Íslandsmóttinu verður haldin á Akranesi þann 29. júní næstkomandi.

UMFS



Ásta lenti í 3. sæti í kvennaflokki.



Alexander Adam lenti í 2. sæti í MX1.



Eric Máni lenti í 1. sæti í MX2.





# Bergþóra Ragnarsdóttir ráðin djákni við Skálholtsprestakall

Bergþóra Ragnarsdóttir var ein fjögurra sem voru vígð í Skálholtsdómkirkju á hvítasunnu. Hún var vígð til þjónustu sem djákni til þjónustu í Skálholtsprestakalli, Suðurprófastsdæmi.

Bergþóra er ædd á Höfn í Hornafirði þann 11. febrúar 1979, hún lýsir sér sjálf sem Austur Skaftfellingi í húð og hár. Foreldrar hennar eru Ragnar Jónsson, bóndi frá Akurnesi í Nesjasveit, og Ingunn Jónsdóttir, upprunalega frá Hnappa-

völlum í Örfæsasveit. Bergþóra er fjórða barnið í níu barna fjölskyldu.

Hún er gift Jóni Bjarnasyni, organista í Skálholti og eiga þau eina dóttur saman, Hildi Ingu. Bergþóra hefur verið í kirkjustarfi frá því að hún var ung, fyrst í sunnudagaskóla og 12 ára gömul byrjaði hún að syngja í kirkjukór Bjarneskirkju með móður sinni og einni systri sinna.

Þann 11. september árið 2001 hóf hún nám við guðfræðideild

Háskóla Íslands og vann með náminu, ásamt Jóni eiginmanni sínum, í sunnudagaskólanum í Breiðholtskirkju. Auk þess hefur hún starfað sem kirkjuvörður á Hólum í Hjaltadal og í Seljakirkju í Reykjavík.

Hún útskrifaðist með B.A. próf í guðfræði árið 2005 og lauk síðan djáknánáminu árið 2015. Sumarið 2010 vann hún, ásamt fleirum, að uppsetningu gestastofu í Skálholti og frá haustinu 2014 hefur hún séð um barnastarf í Skálholtsprestakalli.



Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is

## Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Skipulags- og byggingarembætti Rangárþingis eystra auglýsir opið hús vegna aðal- og deiliskipulags- breytinga við Steina og Hvassafell. Skipulagsbreytingarnar verða til kynningar í félagsheimilinu Heimalandi, 861 Hvolsvelli, miðvikudaginn 19. júní frá kl. 16:00 til 18:00. Einnig verður hægt að skoða tillögurnar á heimasíðu sveitarfélagsins, [www.hvolsvollur.is](http://www.hvolsvollur.is) og á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is), mál nr. 141/2023 og 732/2024. Athugasemdum og ábendingum skal skila skrifalega í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 19. júlí 2024.

Aðalskipulagsbreytingingin gerir ráð fyrir að 107,6 ha landi verði breytt úr landbúnaði í verslun- og þjónustu. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir hóteli, baðlóni og gestahúsum. Á opna húsinu verður hægt að skoða tillöguna og spyrja ráðgjafa og hönnuði um efni hennar.

### Leiðrétting – athugasemdarfrestur er til 10. júlí 2024.

### Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst breyting á aðalskipulagi Rangárþingis eystra.

### Dímonarflöt – breyting á aðalskipulagi

Aðalskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir að 51,6 ha. landbúnaðarlandi (L2) verði breytt í frístundarbyggð (F).

Hægt að nálgast skipulagstillöguna á heimasíðu Rangárþingis eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 29. maí 2024 með athugasemdarfrest til og með 10. júlí 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþingis eystra, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

**Þóra Björg Ragnarsdóttir**  
Fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs  
Rangárþingis eystra

# Á leið til Canaryeyja

Senjórítur Sangría og sól söng Laddi um árið og lýsti í lagi sínu ferðalögum sólarþyrstra Íslendinga á sólarstrendur, enda umtalsverð sólskinsvöntun á okkar ágæta landi og því sækir landinn enn sem áður í að heim-sækja sólarlönd.

Lítið hefur breyst hvað ferðirnar varðar, enn er sótt í sól-astrendur af landanum til lengri og skemmri dvalar, þó eru e.t.v. merkjanlegar breytingar frá því sem áður var, það eru: Aldurs-samsetning ferðalanga, áfangastaðir og e.t.v. tími ársins sem farið er. Meiri hluti sólarfíkla sem sækist nú í síauknum mæli eftir að ferðast að vetrarlagi í sólina er nú líklega á aldrinum sjötíu plús. Straumurinn liggur að mestu leyti til Canaríeyjanna 7 og þá helst til Gran Canaria og Tenerife. Ferðatími þessa aldurs hóps er að langmestu leyti frá október fram til aprílmánaðar því þá er hitastigið hvað þægilegast fyrir fölan sólarveltann mörlandann.

Við brottför frá Leifsstöð má sjá í brottfararsal fjölda missyfjaðra, svefnlausra eða svefnlítilla eftirlaunaþega því auðvitað er brottfarartími flugvélarinnar í sæluna eldsnemma morguns því sá misskilningur er almennt ríkaði að gamlingjar allir séu svo yfirmáta morgunhressir að þessi brottfarartími henti þeim best. Helst skulu þeir vera mættir í flugstöðina þremur klukkustundum fyrir brottför sem þýðir að mæting er í raun um miðja nótt.

Farþegar þurfa að sjálfsgöðu, eftir innskráningu, að fara í gegn um öryggishlið flugvallarins, sumir hverjir með talsverðan handfarangur því það þarf pláss fyrir lyfjaúrvalið sem gjarnan fylgir þessum aldursþóp. Í öryggishliðinu er búnaður sem skynjar málmluti sem farþegar kunna að hafa með sér, en slíkt er ekki heimilt. Býsna oft varar búnaðurinn við málmlutum sem eru á leið gegnum öryggishliðin, en ekki er þó um að ræða vopn sem viðkomandi ber á sér heldur eru það liðskiptahlutir úr málmi sem algengt er orðið að græða í eldra fólk ýmist hné eða

mjaðmir. Öryggisverðirnir geta svo við nánari skoðun séð að ekki er um að ræða fyrirhugað vopnað flugrán heldur læknisfræðilegt varahlutaviðhald á gömlum slitnum beinum.

Fljólega eftir flugtak safnast síðan röð farþega við salernin til að losa frá sér bjórinn sem náðist að slokra í sig í flughöfninni áður en lagt var af stað á vit ævintýra. Augljóst er að sumir hafa þó verið svo forsjálar að tryggja sér sæti í flugvélinni við gangveg til þess að eiga greiðari aðgang að salernunum og hafa því borð fyrir báru og geta þannig haldið bjórþambinu áfram, því framundan er langt flug og nægur tími til að bæta á sig.

Ekki er þó flugið alltaf þægilegt því vel getur svo farið að við hlið þér sitji 130 kílógramma bjössu sem hefði átt að kaupa tvö sæti fyrir sig og ásöfnuðu viðbótarkílóin. Einnig hendir það að svefnvana farþegi í sætinu fyrir framan þig ákveður að halla sér í fangið á þér með því að halla sínu sæti í öftustu stöðu og mátt þú þá teljast hólpinn ef kaffibollinn þinn á borðinu þínu fyrir framan þig steypist ekki í fangið á þér.

Sjónvarpsskjáir eru í baki allra sæta og stytta farþegar sér stundir með því að glápa á þá, en í þeim er allgott úrval af afþreyingarefni, e.t.v. ekki alveg það nýjasta, en nothæft þó og þeir sem finna ekkert við hæfi taka gjarnan upp úr pússi sínu eigin hámhorsapparöt með efni sem eitthvert barnabarnanna hefur hlaðið niður fyrir afa og ömmu því oftast er tækni kunn-átta þeirra gömlu ekki nægileg til að gera það sjálf. Að því kemur að flugþjónar þurfa að komast eftir gangveginum með veitingavagna og getur þá auðveldlega orðið árekstur veitingavagnsins við hlandsprengda göðglaða farþega sem hafa verið ötulir við bjórþambið og náð að slokra í sig viðbótara öli og þurfa nú að losa blöðruna ekki seinna en strax. Ekki veit ég þó hvort þrengslin hafa valdið brókar-slysi því það er augljós ávinningur beggja aðila að leysa mál-ið farsællega áður en slys verður



Ómar V. Franklínsson.

og staðan leysist oftast en oft er það þó á nippinu.

Mikil breyting hefur orðið á hátterni farþega í löngu flugi frá því sem áður var, nú sitja flestir stilltir í sæti sínu og njóta þeirrar afþreyingar sem í boði er, en öðruvísi mér áður brá því á árum áður brustu gjarnan söngglaðir farþegar í söng og sungu hver með sínu nefi hástöfum „María María“ eins og gjarnan var gert í rútufurðum á leið í Þórsmörk. Ekki var þó örgrannt um að misgöður söngurinn væri sumum til ama.

Aldursamsetning farþega nú er að mestu leiti þannig að lík-lega eru senjórítarnar að mestu óhultar þegar til Canary er komið, en það má gera sér gott af Sangría og sól og e.t.v. ýmsu öðru þegar á áfangastaðinn er komið. Ekki er þó farþega-hópurinn eingöngu skipaður gamlingjum því innanum er einnig yngra fólk og jafnvel með börn, en ég leyfi mér að fullyrða að til Gran Canary ferðast mest megnis gráhvítt D-vítamínskert eftirlauna-fólk.

Að lokinni áægjulegri dvöl koma flestir hressir og glaðir heim á ný, þó við blasi drifhvít kuldaleg fósturjörðin við lend-ingu á Keflavíkurflugvelli. Þá er bara eftir að skipuleggja næstu ferð því áfram bíður Sangría og sól á Canaryeyjum og e.t.v. sen-jórítur fyrir þá sem treysta sér í það sport.

Ómar V. Franklínsson  
Selfossi.



# Atvinnulaus leikskólakennari, það er víst til



Tinna Berg Rúnarsdóttir

Ég er fjögurra barna móðir, búsett í Árborg, ég er leikskólakennari að mennt ásamt að öðlast BA gráðu í Félagsvísindum núna á næstu vikum. Ég á börn á leikskólaaldri sem hafa seint komist inn á leikskóla og aldrei komist inn til dagforeldra þrátt fyrir að hafa sótt um mjög snemma á meðgöngu.

Næst yngsti sonur minn fæddur júlí '21 komst inn síðasta haust þá rúmlega 2 ára. Yngsti sonur minn kemst ekki inn fyrir en haustið '25 þá rúmlega 2,5 ára. Og eins og fyrr hefur komið fram enginn af þeim hefur komist til dagforeldra. Undanfarin ár hef ég stundað fullt nám við Háskólann á Akureyri með börnin heima þar til þeir fá leikskóla-pláss undir gríðarlegu álagi, safnandi námslánnum því sem námsmaður hef ég rétt á 6 mánuðum á fæðingarstyrk námsmanna ( 201.000 kr). Ekki get

ég verið heima hjá mér launalaus í rúmlega tvö ár. Það er ekki einungis streituvaldandi að vita ekki hvernig maður á að lifa þegar maður kemst ekki til starfa, heldur maður þarf að leggja á sig og fjölskyldu sína mikið álag til að reyna að hafa einhverjar tekjur. En afhverju furða ég mig á vinnubrögðu sveitarfélagsins?

Ég sendi þáverandi sveitarstjóra Fjölu mail í byrjun árs, við höfum átt í þónokkrum samskiptum bæði í gegnum tölvupóst og síma og hefur hún sýnt stöðu minni mikinn skilning og virkilega reynt að leggja sig fram til að hafa einhver svör eða lausnir fyrir mig en eins og flestir vita er hún nú farin frá, ég er henni virkilega þakklát fyrir hjálpin.

Nú, eins og fyrr hefur komið fram er ég leikskólakennari að mennt. Auðsótt starf hafði ég haldið því eins og flestir vita er vöntun á leikskólakennurum á leikskóla landsins, en greinilega ekki í Árborg. Þegar ég menntaði mig grunaði mig aldrei að ég yrði einhverntíman atvinnulaus einungis vegna þess að barnið mitt kæmist ekki í daggæslu.

Eins og mörgum er kunnugt um þá fer leikskólakennurum fækandi, þeir snúa ekki til starfa eftir nám eða hefja störf á öðrum vettvangi, færri sækja um námið og svo framvegis, væri þá ekki eðlilegt að reyna að vinna í því að fá leikskólakennara til starfa á leikskólum landsins. Það þarf mikið að breyta bæði í vinnuumhverfi

starfsfólks leikskóla, aðstæðum og öðrum eins og við flest vitum en að leikskólakennari geti ekki snúið til starfa er eiginlega til háborinnar skammar.

Hér í Árborg er enginn starfsmannaforgangur, ekki einu sinni fyrir leikskólakennara. Hér eru engar heimgreiðslur fyrir foreldra sem ekki komast á vinnumarkaðinn vegna vöntunar á daggæslu. Svo núna blasir við mér að ég verði hugsanlega fyrsti atvinnulausi leikskólakennarinn næsta haust, það hljómar nú frekar galið ekki satt? En ekki get ég sótt um atvinnuleysisbætur því ekki er ég með örugga daggæslu fyrir barnið. Það stefnir í að ég fari í Meistaránám í haust á námslánnum, á sama tíma og ég er heima með yngsta son minn (sem sagt ekki að njóta þess að vera með honum) sem er bæði gríðarlegt álag fyrir mig og fjölskyldu okkar, því það er mikið álag að stunda fullt nám, læra fyrir próf, skrifa ritgerðir og reyna að sinna eins árs gömlu barni. Ég er ansi smeyk um að með þessu áframhaldi verði það til þess að ég geti hreinlega ekki snúið aftur til starfa sem leikskólakennari, starfi sem ég lagði á mig menntun til að ná, starfi sem ég elska að sinna, mínu draumastarfi.

Ég hef sent margan tölvupóstinn á Árborg eða sím-tölin, en hef ekki fengið svör, það ætla allir að skoða málið. „Afhverju er ekki forgangur fyrir starfsfólk eða leikskólakennara“ Því jú, það ætti nú heldur betur að vera „win win“

fyrir alla. Og afhverju eru ekki heimgreiðslur? Um daginn var bæjarstjórnarfundur þar sem samþykkt var að veita foreldrum styrk sem nú eiga börn hjá dagforeldrum sem eru orðin 18 mánaða, sem er frábært framlag en á meðan eins og svo oft

áður gleymist fólkið sem ekki getur snúið til starfa.

Mín von er sú að með þessum pistli fái ég einhver svör, að einhverjar breytingar verði gerðar svo ég geti snúið til starfa í draumastarfinu mínu.

Eruð þið tilbúin í ÆVINTÝRI?



ODES 650, 850, 1000

STYRKUR OG KRAFTUR!



|               |              |                          |
|---------------|--------------|--------------------------|
| ODES 650      | FJÓRHJÓL 4X4 | Verð: 1.690.000 kr m/vsk |
| TVEGGJA MANNA |              |                          |
| ODES 850      | FJÓRHJÓL 4X4 | Verð: 1.990.000 kr m/vsk |
| TVEGGJA MANNA |              |                          |
| ODES 1000     | FJÓRHJÓL 4X4 | Verð: 2.390.000 kr m/vsk |
| TVEGGJA MANNA |              |                          |



TRAUSTUR SAMSTARFSADILI  
Garðabæ | Akureyri | Selfossi  
sími 480-0000 | www.aflvelar.is

## Styttist í opnun Sundlaugarinnar á Stokkseyri

Framkvæmdum við Sundlaug Stokkseyrar verður brátt lokið eftir umfangsmiklar viðgerðir og viðhald. Framkvæmdir í og við Sundlaug Stokkseyrar eru enn í fullum gangi, segir í tilkynningu frá Árborg, en miklar skemmdir á kari laugarinnar komi í ljós þegar farið var af stað í framkvæmdir eftir að lauginni var lokað í nóvember sl.

Búið er að steypa fleyta í kringum sjálfa laugina og í framhaldinu verður útisvæðið

hellulagt. Einnig var unnið að viðgerðum á heitupottum á útisvæði og er ráðgert að mála þá fljótlega.

Að lokum er stefnt á að hefja lokavinnu við sjálfa sundlaugina með lagningu á nýjum dúk. Sú framkvæmd er, líkt og önnur útiverk sem hafa verið unnin á svæðinu, háð veðri og lítur spáin ágætlega út og áætlað að hægt verði að opna laugina í seinni hluta júnímánaðar.





### Engjaland 4 Selfoss

Guðný Porsteinsdóttir  
Löggiltur fasteignasali  
gudnyth@remax.is | 771-5211

**RENY** **RE/MAX**



# Hengill Ultra fór fram síðastliðna helgi

Ljósmyndir: Magnús Stefán Magnússon og aðsent.





VORUM AÐ FÁ STÓRA  
SENDINGU AF



# sláttutraktorum & slátturobótum

MARGAR  
STÆRÐIR  
OG GERÐIR!







TRAUSTUR SAMSTARFSADILI

Garðabæ | Akureyri | Selfossi

sími 480-0000 | [www.aflvelar.is](http://www.aflvelar.is)

## Heilsuleikskólinn Heklukot á Hellu auglýsir eftir sérkennslustjóra, stuðningskennara og leikskólakennurum eða leiðbeinendum.



Auglýst er eftir **sérkennslustjóra** til starfa í 80- 100% stöðu við leikskólann Heklukot á Hellu í Rangárþingi Ytra, um 100 km frá Reykjavík, tíma- bundið í eitt ár.

**Okkur vantar einnig:**

- **Stuðningskennara** í 60-80 % stöðu inni á deildum.
- **Leikskólakennara** eða leiðbeinendur í 80-100 % stöðu inni á deildum.

**Menntun, hæfni og reynsla:**

- Leyfisbréf kennara.
- Reynsla af sérkennslu.
- Góð íslenskukunnátta.
- Reynsla af starfi í leikskóla.
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi.
- Góð tölvukunnátta.

Heklukot er fimm deilda leikskóli með um 88 nemendur frá eins til fimm ára. Unnið er eftir markmiðum Skóla á grænni grein sem fela í sér sam- bærilegar áherslur og í Aðalnámskrá leikskóla (2011). Einnig er unnið eftir markmiðum Heilsustefnunnar sem stuðlar að heilsuefningu í leikskóla- samfélaginu með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik.

Umsókn og ferilskrá óskast send rafrænt á [inga@heklukot.is](mailto:inga@heklukot.is) Nánari upp- lýsingar veitir Ingigerður Stefánsdóttir leikskólastjóri í síma 4887045 og 6910383. Upplýsingar um skólann er að finna á [www.heklukot.leikskol- inn.is](http://www.heklukot.leikskol- inn.is). **Umsóknarfrestur er til 28. júní 2024.**



# Sérfræðistörf á Suðurlandi



## VIÐ BYGGJUM UPP SAMFÉLÖG

Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafarfyrtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði. Yfir 350 manns starfa hjá fyrirtækinu að fjölbreyttum verkefnum á Íslandi og erlendis. Verkís er með útibú í öllum landshlutum. Það er metnaður stofunnar að veita staðbundna þjónustu sem víðast á landinu með stuðningi annarra sérfræðinga.

Vegna aukinna verkefna viljum við bæta við okkur öflugum starfsfólki í útibú okkar á Selfossi. Störfin fela í sér að sinna fjölbreyttum hönnunar- og ráðgjafarverkefnum á breiðu sviði innan mannvirkjagerðar auk verkeftirlits. Við höfum áhuga á jákvæðum einstaklingum með góða samskipta- og skipulagshæfni sem sýna metnað, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

**Veituhönnuður**  
Starfið felur í sér lagnahönnun, hönnun veitumannvirkja, samræmingarhönnun veitustofnana, ræsaönnun og hönnun blágrænna ofanvatnslausra ásamt eftirliti með verkframkvæmdum.

**Byggingahönnuður**  
Starfið felst í fjölbreyttum hönnunar- og ráðgjafarverkefnum, útboðsgagnagerð, kostnaðaráætlana- gerð og eftirliti með verkframkvæmdum.

**Umsóknarfrestur er til og með 19. júní 2024**  
Nánari upplýsingar veita Ari Guðmundsson, útibússtjóri Verkís á Suðurlandi, [arg@verkis.is](mailto:arg@verkis.is)  
Áslaug Ósk Alfreðsdóttir, sérfræðingur í mannauðsmálum, [aoa@verkis.is](mailto:aoa@verkis.is)  
**Upplýsingar um störfin eru á umsóknarvef Verkís – [www.verkis.is](http://www.verkis.is)**





# Minna stress og meiri gleði

Skreytingaþjónustan Tilefni var stofnuð í maímánuði árið 2023 af þeim Rakel Guðmundsdóttur og Hönnu Margréti Arnardóttur.

Rakel er 32 ára og Selfyssingur í húð og hár, hún flutti til Reykjavíkur árið 2014 og náði sér í BA-gráðu í tómstunda og félagsmálafræði árið 2017 en segir hjartað hafa kallað aftur heim á Selfoss þangað sem hún flutti ásamt kærastanum sínum, Alberti Fannari Jónssyni. Saman eiga þau Inga Hrafn, 9 ára gaur og næstum þriggja ára litla ráðskonu, Guðrúnu Ösp. Rakel segist þykja fátt skemmtilegra en að vera í kringum fólk og að vinna með fólki, sé sannkölluð „people person,“ sem henti vel hjá Tilefni, þar sem þær eigi í miklum samskiptum við viðskiptavinum alla daga.

Hanna Margrét er líka 32 ára, fædd og uppalin í Kópavogi. Hún flutti á Selfoss ásamt unnusta sínum, Andra Hrafn Hallssyni, á Selfoss árið 2019 og hafa þau komið sér vel fyrir í bænum og búa ásamt dóttur sinni, Kötlu Marín, sem verður þriggja ára í júlí.

Hanna er með BA-gráðu í fatahönnun úr Listaháskóla Íslands og MS-gráðu í markaðsfræði úr Háskólanum á Bifröst. Hún segist alltaf hafa haft mikla þörf fyrir að skapa og hanna og mætti því segja að hún hafi fundið köllun sína hjá Tilefni þar sem sköpunargleðin er allsráðandi.

## Skortur á fallegum veisluvörum á Suðurlandi kom öllu af stað

Stelpurnar segjast hafa haft hugmyndina að Tilefni á bakvið eyrað í um það bil ár áður en þær tóku af skarið. „Okkur fannst mikill skortur af fallegum veisluvörum hér á Suðurlandi fyrir stór sem smá tilefni. Það var fyrst og fremst þessi skortur á slíkum vörum sem kom hugmyndinni af stað. Mánuðina áður vorum við báðar búnar að vera að halda margar veislur sem fylgdi því mikil keyrsla í höfudborgina og segja má að það hafi verið punkturinn yfir i-ið sem kom okkur af stað. Við höfum einnig báðar haft mikinn áhuga á því að fara út í eigin rekstur og hugmyndin um það að stofna okkar eigið fyrirtæki var bæði spennandi en því fylgir einnig mikil óvissa, sérstaklega í byrjun. En við vorum allveg ákveðnar í því að fara út í þetta saman og sjá hvornig þessi litla hugmynd myndi ganga.“



## „Alls ekki auðveld ákvörðun“

Það var svo í maí árið 2023 sem ákvörðunin um að demba sér í þetta og stofna fyrirtæki saman var tekin. „Fyrsta skrefið var að finna nafn og það var aldeilis ekki auðveld ákvörðun, fyrr en nafnið Tilefni kom upp. Tilefni lýsir okkar fyrirtæki mjög vel í einu orði. Rakel átti upprunalega hugmyndina af því að opna partývöruverslun á Selfossi og ég bætti við þeirri hugmynd að bjóða upp á hönnun og uppsetningu á skreytingum fyrir ýmis tilefni. Þannig varð þetta konsept til hjá okkur. Þegar nafnið var komið á hreint fórum við á fullt í að hanna logo og skoða framleiðendur. Við vorum komnar með þvílíkt magn af vörum en áttuðum okkur svo fljótlega á því að við gætum kannski ekki keypt allar skreytingar í heiminum, þannig við tókum þá ákvörðun að byrja einungis með blóðrur og leiguvörur. Fyrsta leiguvaran okkar var kampavíns-/fordrykkjarstandur sem við hönnuðum sjálfar og létum smíða fyrir okkur, en hann hefur verið lang vinsælasta leiguvaran okkar hingað til og komum við til með að gera fleiri útfærslur í framtíðinni,“ segir Hanna.

## Óvart frábær auglýsing

Næsta skref var að búa til netverslun, en í millitíðinni ákváðum við að prófa að opna reikninga í nafni Tilefni.is á sam-

félagsmiðlum, þ.e. TikTok, Instagram og Facebook. Eftir fyrsta TikTok-ið okkar, þar sem við sýndum frá skreytingum hjá starfsmannapartý Sýn, fór orðið að berast og allt fór af stað í rauninni. Við áttuðum okkur ekki á því hversu margir myndu sjá þetta eina TikTok og áður en við vissum af voru helgarnar okkar farnar að fyllast af verkefnum, sem gerði það að verkum að við höfðum lítinn tíma til að sinna heimasíðu okkar. Heimasíðan okkar opnaði svo í lokins í lok mars 2024 og höfum við verið að byggja hana upp síðan,“ bætir Rakel við.

Stelpurnar segja að meðal helstu áskorana sem þær þurfi að klást við séu sérsniðnu tilboðin fyrir viðskiptavinum þeirra. „Í hvert og eitt tilboð fer mikil hugmyndavinna fram. Oft á tíðum getur það verið krefjandi að koma með nýjar og ferskar hugmyndir þegar við erum með marga viðburði í sömu vikunni. Við skissum oftast upp þær hugmyndir sem við fáum og getur það verið tímafrekt en það er eitt af því skemmtilegasta sem við gerum. Persónulega finnst okkur mest krefjandi að vera svona mikið í burtu um helgar frá fjölskyldunni okkar. En eins og með allt þá fylgja þessu auðvitað kostir og gallar. Kostirnir sennilega það að við höfum fengið ófá boð í mjög svo skemmtileg partý,“ segir Rakel og hlær.

## Ganga spenntar inn í öll verkefni

Hanna segir þær alltaf hafa trúað að gott orðspor sé það mikilvægasta fyrir þeirra fyrirtæki. „Við reynum því að mynda tengsl við flesta okkar viðskiptavinum, fyrst og fremst til að mæta þeirra þörfum og helst fara fram úr væntingum þeirra. Við erum mjög liðlegar og okkur finnst fólk kunna vel að meta það. Við höfum einnig lagt okkar fram við að styðja ungt og efnilegt íþróttafólk á Selfossi að bestu getu. Í okkar bók eru ekki til nein vandamál heldur bara lausnir. Við göngum spenntar inn í öll verkefni og það skemmtilegasta er hvað verkefnin eru ólík, sem gerir starfið okkar fjölbreytt og skemmtilegt.“

Þá segir Hanna viðbrögðin hafa verið mjög góð. „Sunnlendingar hafa margir hverjir talað um að Tilefni sé mjög góð viðbót við samfélagið. Við finnum almennt fyrir því að fólk sé ánægt með að þurfa ekki að keyra yfir heiðina. Það eykur þægindin við veisluhöld að geta nálgast skreytingar í sínu bæjarfélagi. Við höfum verið að mæta og setja upp skreytingar hér á Suðurlandi og tala lang flestir um hvað þessi þjónusta er mikill léttir, þ.e. að þurfa ekki að standa í stressinu við að skreyta sjálf. Við mætum og gerum allt klárt sem þýðir, minna stress og meiri gleði,“ segir Hanna og brosir breitt.

Stelpurnar segja þeirra helstu viðskiptavinum í skreytingaþjónustunni vera fyrirtæki, en að í vefversluninni tróni Sunnlendingar á toppnum. „Sem er frábært! Eins og er höfum við nálgast flesta okkar viðskiptavinum í gegnum samfélagsmiðla og orðið hefur borist hratt manna á milli. Við höfum ekki mikið verið að gera kostaðar auglýsingar því það hefur einfaldlega verið nóg að gera hjá okkur,“ segir Rakel kát.

## Fólk fer alla leið í skreytingum

„Við höfum tekið eftir því að fólk sé almennt tilbúið að fara alla leið í skreytingum. „Trendin“ breytast reglulega og höfum við tekið eftir tískubylgjum í veisluhöldum. Við teljum að samfélagsmiðlarnir spili þar stórt hlutverk, þ.e. miðlarnir hafa áhrif á hvað fólk vill. Sem er eðlilegt þar sem hægt er að skoða svo mikið í dag á öllum helstu miðlum, t.d. Pinterest, TikTok, Instagram og fleira,“





bætir Hanna við.  
Þá segjast þær sjá stór tækifæri á markaðnum fyrir leiguvörur. „Fólk vill sjá eitthvað nýtt og við reynum eftir bestu getu að koma með fallegar leiguvörur fyrir okkar viðskiptavinum og sýna þeim ýmsar útfærslu á því hvernig er hægt að nota vörurnar. Við stefnum á að koma með fleiri leiguvörur sem fólk getur nýtt fyrir öll tilefni, stór sem smá! Einnig sjáum við tækifæri fyrir netverslunina okkar, tilefni. is, til að vaxa hér á Suðurlandi og munum við koma til með að bæta við vöruúrval okkar þar,“ segir Rakel.

Þríþætt þjónusta

Þjónustan sem Tilefni býður uppá er þrennskonar; netverslun, skreytingaþjónusta og leiguvörur. Í netverslunni má finna veisluvörur fyrir ýmskonar tilefni þ.e. blöðrur, borðskraut, afmæliskerti, veifur, diska, glös, servíettur og margt fleira. Viðskiptavinum býðst svo að sækja pantanirnar þeim að kostnaðarlausu eða velja sendingarleið með Dropp.

„Skreytingarþjónustan býður upp á ráðgjöf og uppsetningu á vörunum okkar. Við höfum verið að skissa upp heilu árshátíðirnar, brúðkaup og önnur tilefni til að auðvelda viðskiptavininum að sjá skreytingarnar betur fyrir sér. Því næst mætum við á staðinn, stillum öllu upp, komum svo daginn eftir og göngum frá öllum skreytingum,“ bætir Hanna við.

Leiguvörurnar eru af ýmsum toga og segjast stelpurnar finna að fólk sýni þeim mikinn áhuga. Þær hafa sömuleiðis pantað vörur út frá eftirspurn viðskiptavina á borð við blómaveggi og blómaboga sem eru vinsælir í brúðkaupsveislum. Þá eru þær með þrjár týpur af LED-skiltum, kampavínsstand, álbala, kerta-stjaka, diskókúlur í nokkrum stærðum, sýningarstólpa, hör servíettur, nammibar og margt fleira.

Sérmerktar blöðrur vinsælar

„Skreytingaþjónustan er klárlega vinsælasti hluti þjónustunnar okkar. Hins vegar koma leiguvörurnar þar stærkar á eftir og er fólk farið að bóka helling fyrir árið 2025, þannig það er ekki hægt að kvarta yfir því. Netverslunin okkar fer einnig mjög vel af stað en það eru einungis þrír mánuðir síðan hún opnaði. En við bjóðum upp á að sérmerkja blöðrur og hefur það verið mjög vinsælt hjá okkur,“

segir Rakel.  
Aðspurðar hvernig ráðgjöf og uppsetning á vörum þeirra fer fram segja þær: „Við erum í góðu sambandi við alla okkar viðskiptavini. Áður en við förum í að koma með einhverskonar ráðgjöf fáum við alltaf myndir af salnum/staðnum þar sem veislan verður haldin eða við mætum og skoðum. Oft hefur fólk fyrirfram ákveðnar hugmyndir um til dæmis litasamsetningar og týpur af skreytingum. Út frá því förum við í hugmyndavinnu (með óskir viðskiptavina í huga), skissum niður skreytingar og stingum upp á skreytingum og staðsetningu fyrir þær. Þegar tilboð er samþykkt mætum við og setjum upp. Einnig bjóðum við upp á að koma daginn eftir og taka niður ef viðskiptavinur óskar eftir því.“

Þá telja þær þessa þríþætta þjónustu greina þær frá öðrum aðilum í svipuðum rekstri. „Þú getur keypt það sem þig vantar fyrir veisluna, leigt vörur sem þú myndir ekki endilega hafa not fyrir eftir veisluna og fengið okkur til að setja allt upp til að spara þér tíma og stress. Einnig reynum við að vera duglegar að koma með hugmyndir af öðruvísi skreytingum og leiguvörum sem aðrir eru ekki með.“

Næsta verkefni að setja upp verslun

Á næstu misserum stefna þær á að stækka Tilefni enn frekar. „Næsta verkefnið okkar er að setja upp litla verslun í bílskúrum hjá Hönnu þar sem fólk getur gengið inn, skoðað og keypt það sem það vantar. Við teljum mikilvægt að hafa góða aðstöðu fyrir viðskiptavinum okkar til að koma og sækja eða versla vörur. Einnig að fólk geti gengið inn og átt samtál við okkur. Það er svona helsta markmiðið okkar þessa stundina,“ segir Rakel.

„Til að stækka umfram það þyrftu að vera fleiri tímar í sólarhringnum,“ segir Hanna og hlær. „Nei, við sjáum fyrir okkur að ráða inn starfsmenn í skreytingaþjónustuna, þá strax getum við tekið fleiri viðburði hverja helgi. Við erum náttúrulega bara tvær í teymi og höfum max verið að taka tvo viðburði á dag. Ef við værum með starfsmann/menn þá myndi það auka getu okkar til að taka við fleiri viðburðum.“

Alltaf saman

Þá segja þær það að vera vinkonur saman í rekstri gangi ótrúlega vel. „Við erum samtaka

með flest allt, auðvitað getur það verið krefjandi að vera vinkonur í rekstri þar sem við endum eiginlega alltaf á því að tala um fyrirtækið okkar þegar við erum „ekki í vinnunni“ en við höfum fundið mjög gott jafnvægi og sýnum hvor annarri mikinn skilning og styðjum hvor aðra. Svo er ekkert verra að dætur okkar eru bestu vinkonur. Ef við erum ekki að vinna saman þá erum við með stelpurnar okkar að leika saman. Þannig við sem sagt erum nánast saman 24/7,“ segir Rakel og hlær.

„Það er smá ótrúlegt að segja frá því, að við Rakel kynntumst bara fyrir tæpum 3 árum, þegar góður vinur okkar kynnti okkur og strax fundum við góða tengingu. Og hér erum við í dag,“ bætir Hanna við og brosir út að eyrum.

Hanna segir það skemmtilegasta við starfið líklegast vera hvað það er fjölbreytt. „Og skapandi, gott að geta fengið útrás á sköpunargleðinni. Einnig höfum við kynnst ótrúlega mikið af skemmtilegu fólki og alltaf gaman að koma og skreyta fyrir öll tilefni þar sem fólk er almennt mjög „ligeðlað“ og spennnt“.

Erfitt að velja uppáhalds

Sú skreyting/veisla sem trónir á toppnum hjá þeim er opnunarpartýið þeirra á Sviðinu á Selfossi. „Það var mikið skreytt í okkar litum og mikið af leiguvörum frá okkur. Annars er mjög erfitt að velja á milli, svo mikið af ólíkum og skemmtilegum partýum en við getum t.d. nefnt veislur hjá Blush, Nammilands þema hjá SÝN, Árshátíð Security í Laugardalshöll og Beauty-blender veröldin á skemmtistaðnum HAX. Það sem þessar veislur eiga sameiginlegt er að skreytingarnar fóru alla leið og þælt var í hverju smáatriði sem okkur fannst mjög skemmtilegt að fá að taka þátt í.“

Þær hafa verið virkar á TikTok þar sem þær hafa sýnt hvað gerist á bakvið tjöldin. „Þar sýnum við frá ferlinu frá A-Ö, undirbúning, koma öllu inn í bíl, uppsetningu á skreytingum og lokaútkomu. Við höfum að minnsta kosti heyrt það frá ófáum að þeim finnst áhugavert að fylgjast með því hvernig allt saman fer fram. Einnig erum við mjög virkar á Instagram þar sem við sýnum nýjar vörur, frá pöntunum og margt fleira skemmtilegt,“ segja stelpurnar að lokum.

HGL



17. JÚNÍ 2024

REYKHOLTI, BISKUPSTUNGUM

TÍMI

TORFASTADAKIRKJA

13

Hátíðarmessa, Sr. Axel A. Njardvík messar við undirleik Jóns Bjarnasonar.

14

Skrúðganga hefst í Bjarnabúð. Leidd af reiðmönnum úr Hestamannafélaginu Jökli og fegurstu fornbílar Biskupstungna reka festina.

14-16

Hátíðarkaffi í Aratungu. Kökuhláðborð til styrktar 10. bekk í Reykholtsskóla. Fjallkona ávarpar salinn og nýstúdent heldur ræðu. Andlitsmálun og myndakassi í anddyrinu. Sara Pálsdóttir daleiðarl verður í húsinu og daleiðir þá sem þora.

15:30

Fyrir utan Aratungu verða hoppukastalar og ymsir leikir fyrir yngstu kynslóðina ásamt kassabílarally

17-19

Sundlaugardiskó - fritt í sund fyrir ungmenni 10-15 ára. Tónlist, is og mikil stemning.

ARATUNGA

REYKHOLTSLAUG

ICELAND'S NATIONAL DAY

JUNE 17TH, 2024

REYKHOLT

TIME

TORFASTADIR CHURCH

13

Mass: Reverend Axel Njardvík and organist Jón Bjarnason

14

Parade starts at Bjarnabúð, lead by horseriders and followed up by the most beautiful antique cars in Biskupstungur.

14-16

Celebratory buffet and coffee organized by 10th grade from Reykholtsskóli. Speeches by the Fjallkona/The Lady of the Mountain (female incarnation of Iceland) and a student graduate from Menntaskólinn Laugarvatni. Face painting and photo booth in the lobby. Sara Pálsdóttir hypnotist will play tricks with your minds!

15:30

Bouncy castles and various activities for the younger generation along with a box car rally outside of Aratunga.

17-19

Disco in the swimming pool - free entrance for 10-15 years old. Music, free icecream and a lot of fun!

ARATUNGA

SWIMMING POOL IN REYKHOLT





## ÞJÓNUSTA



S. 662 1122

Daglegar ferðir

SELFLOSS - REYKJAVÍK  
SUÐURLAND

## FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15  
miðv. kl. 11 til 15  
föstud. kl. 11 til 14.  
sími 482 1022 / 788 0300

## KIRKJA

## Selfosskirkja

Verið hjartanlega velkomin til  
góðrar messustundar í Selfoss-  
kirkju kl. 11, sunnudaginn 16.  
júní. Sr. Gunnar Jóhannesson  
þjónar fyrir altari og Ester  
Ólafsdóttir situr við orgelið.

## Skálholtsdómkirkja

Messa sunnudaginn 16. júní kl.  
11. Sr. Axel Á Njarðvík, sóknar-  
prestur þjónar fyrir altari. Verið  
velkomin.

## Torfastaðakirkja

Guðsþjónusta á hátíðardegi 17.  
júní kl. 13. Sr. Axel Á Njarðvík,  
sóknarprestur þjónar fyrir altari.  
Jón Bjarnason organisti. Verið  
velkomin.

## Þingvallakirkja

Hátíðarmessa á lýðveldisdegi  
17. júní kl. 15. Sr. Axel Á Njarðvík,  
sóknarprestur þjónar fyrir altari.  
Jón Bjarnason organisti. Verið  
velkomin.

## Stóra-Núpskirkja

Sumarmessa og ferming sunnu-  
daginn 16. júní kl. 11. Kirkjukórinn  
syngur undir stjórn Þorbjargar  
Jóhannsdóttur organista. Verið  
velkomin! Sóknarprestur,

## Hrepphóla kirkja

Helgistund sunnudagskvöldið  
16. júní kl. 20. Almennur, söngur,  
hugvekja og bæn. Organisti er  
Eyrún Jónasdóttir. Verið öll vel-  
komin. Sóknarprestur.Hvítasunnukirkjan Selfossi  
Austurvegi 40BSunnudagar: Samkoma, sunnu-  
dagaskóli og kaffiveitingar kl.  
11:00. English translation ava-  
ilable. Mánudagar: Bæn og  
lestur kl. 17. Allir innilega vel-  
komnir. www.selfoss gospel.is.

## ATVINNA

Smiður eða laghentur  
maður óskastVantar smið eða laghentan  
mann í smá verk. Upplýsingar í  
síma 864 1275.

## FASTEIGNIR

## Til sölu einbýlishús

Eyrarvegur 2A Akureyri með bíl-  
skúr um er að ræða 161,8 fm.  
Ásett verð 73,400,000 kr. Nánari  
uppl. hjá Akureyri Eignaver í síma  
460 6060.

Eyravegur 51, 800 Selfoss

Sími 590-6996

Ekki gleyma ferðafélaganum

Ellefu iðkendur og þrír  
þjálfarar á leið á EMLandsliðsþjálfarar Fimleika-  
sambands Íslands hafa gefið  
út landsliðshópa fyrir Evrópu-  
mót 2024.Ísland stefnir að því að senda  
5 landslið til keppni, 2 lið í full-  
orðinsflokki og 3 lið í unglinga-  
flokki. Landsliðshóparnir sam-  
anstanda af 15 iðkendur hver,  
sem munu æfa saman í sumar  
og undirbúa sig fyrir Evrópu-  
mótið sem fer fram í Azerbaijan  
í október. 11 þessara iðkenda  
eru frá Fimleikadeild Selfoss  
og eigum við iðkendur í öllum  
landsliðshópunum fimm. Í ágúst  
verður iðkendum í hópunum  
fimm fækkað úr 15 niður í 12 og  
verða þá eftir þeir 60 iðkendur  
sem keppa fyrir Íslands hönd áEvrópumótinu. Það er því mikið  
undir í sumar hjá þessum hæfi-  
leikaríku iðkendum fimleika-  
deildarinnar, sem koma til með  
að leggja sig öll fram í æfingum  
sumarsins til að auka líkur sínar  
á að vera í lokahópnum í ágúst.Auk þessara 11 iðkenda  
eigum við 3 landsliðsþjálfara  
í þessu verkefni, en Aníta Þor-  
gerður Tryggvadóttir þjálfara  
dregjalandslíðið og Mads Pind  
og Tanja Birgisdóttir þjálfra  
stúlknaðslíðið.Þetta er mikið afrek hjá þess-  
um iðkendum og þjálfurum og  
hlökkum við til að fylgjast með  
þeim á þessari vegferð - vonandi  
alla leið til Azerbaijan!

Fimleikadeild UMFS

Viltu vekja athygli  
á Suðurlandi?Hafðu samband og fáðu  
tilboð í auglýsingar í  
blaðið og á vefinn.Sími 482 1944  
auglysingar@dfs.is

## Fjölnismenn og Sigurður Breiðfjörð að Kvoslæk

Fjölnismennirnir Konráð Gísla-  
son og Jónas Hallgrímsson  
deildu harkalega á rímnakveðskap  
Sigurðar Breiðfjörðs á árunum  
1835-1837. Sr. Tómas Sæmunds-  
son á Breiðabólstað var þeim ekki  
sammála og urðu miklar deilur  
innan ritstjórnar Fjölnis. Óttar  
Guðmundsson læknir fjallar um  
þetta ósamkomulag og áhrif þess á  
Sigurð Breiðfjörð, Jónas, Tómas og  
Fjölni að Kvoslæk í Fljótshlíð laug-  
ardaginn 15. júní kl. 15.00. – Kaffi-  
veitingar að loknum fyrirlestrinum.Soffía og Pétur Ben á  
Hvolsvelli og í HveragerðiSoffía og Pétur Ben fara  
sá tónleikaferð um landið  
í júlí og enda ferðina á tón-  
leikum í Midgard Basecamp  
12. júlí og í Skyrgerðinni í  
Hveragerði 13. júlí og með  
þeim í för verður Fríða Dís úr  
Klassart.Soffía er söngkona, gítar-  
leikari og lagahöfundurog semur og flytur sveita-  
skotna tónlist eða „alternative  
country“. Pétur Ben er kvik-  
myndatónskáld, pródúser og  
lagahöfundur og saman munu  
þau búa til frábæra kvöldstund  
með blöndu af tónlist þeirra  
beggja.Miðasala er hafin á midix.  
is.



# Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



**Samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýst niðurstaða Bæjarstjórnar Árborgar, vegna athugasemda við eftirfarandi deiliskipulagstillögu:**

## Norðurhólar 5 - Deiliskipulagsbreyting Verslunar- og þjónustulóðar - Leikskóla

### Mál nr. 2 á fundi bæjarstjórnar dags 27.5.2024:

Tillaga frá 29. fundi skipulagsnefndar, frá 22. maí, liður 1. Frestað mál frá 28. fundi skipulagsnefndar, þar sem tillaga var tekin til afgreiðslu að loknum auglýsingartíma, og eftirfarandi var bókað: „Skipulagsnefnd telur að megináhrif tillögunnar snúi að íbúum við Dranghóla 41-51, auk Dranghóla 10-12. Einnig að Heiðarstekk 1-3, Móstekki 7-51 meðfram Suðurhólum auk Melhóla 1-19, og að litlum hluta Hraunhólum. Nefndin bendir á að í kafla 3.1.1 aðalskipulags Árborgar, er átt við að nýbyggingar íbúðabyggðar, ekki verslunar- og þjónustu. Í kafla 3.1.3, í Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036, er eftirfarandi listað upp: Stefna. Að verslunar- og þjónustuvæði verði fjölbreytt og þjóni öllu sveitarfélaginu sem og nærsveitum. Að uppbygging á verslunar- og þjónustuvæðum sé með þeim hætti að hún stuðli að gönguvænu umhverfi og styðji við vistvænar samgöngur. Með gönguvænu umhverfi er átt við að leitast sé eftir að tryggja umferðaröryggi gangandi vegfarenda og aðgengi fyrir alla. Almennir skilmálar. Við deiliskipulagsgerð skal hugað að öruggum og aðgengilegum gönguleiðum á og við rýmisflek bílastæði og að tryggt sé að gönguleiðir innan lóða tengist stígakerfi sveitarfélagsins utan þeirra. Húsnæði á verslunar- þjónustuvæðum verði að jafnaði á 3-6 hæðum, eins og nánar er skilgreint í deiliskipulagi. Nýtingarhlutfall er á bilinu 1,0-2,5. Ef verið er með bílastæðakjallara getur nýtingarhlutfall verið allt að 3,0. Heimilt er að vera með djúpgáma fyrir sorp. Úr töflu 3. Vp9 - Norðurhólar - 4,7 ha - Á svæðinu er fyrirhugað að verði verslun með dagvöru og aðra þjónustu fyrir hverfin í kring. Nýtingarhlutfall á bilinu 1,0-2,5. „ Bæjarstjórn vill árétt að auglýst tillaga er í samræmi við gildandi aðalskipulag Árborgar, þar sem tiltekið er í kafla 3.1.3, að hús skuli að jafnaði vera 3-6 hæðir. Bæjarstjórn telur sig geta komið til móts við athugasemdir og samþykkir að tillögunni verði breytt á þann veg að áætluð hæð verslunar- og þjónustuhúss, verði lækkuð úr 12m hámarkshæð niður í 10m hámarkshæð, með heimild til 2 hæða byggingar, með lágreistu þaksniði. Einnig verði möguleiki á að bygging verði með flötu þaki, og þá verði hámarkshæð 9m. Vegna lögunar lóðar telur nefndin að færsla bílastæða til norðurs sé ekki möguleiki. Við vinnslu uppfærðrar tillögu verður gerð aukin krafa um gróður á lóðarmörkum. Nefndin telur að um óveruleg áhrif sé að ræða gagnvart byggingu á tveimur til þremur hæðum gagnvart vindstrengjum á alla þá aðila sem gerðu athugasemdir. Margar af fasteignunum séu fjarri áhrifsvæði nýs verslunar- og þjónustuhúsnæðis. Nefndin telur rétt að koma til móts við athugasemdir íbúa gagnvart hæð byggingar og mun koma fram með tillögu sem sýni fram á hús á tveimur hæðum með hámarkshæð 10m. Nefndin leggur til að skipulagsfulltrúi kalli eftir uppfærðri tillögu með ofangreindum breytingum, og verði tillagan lögð fram til samþykktar á næsta fundi skipulagsnefndar.“ Lögð er fram breytt tillaga þar sem komið hefur verið til móts við athugasemdir íbúa í Dranghólum og Móstekki og bygging verslunar- og þjónustuhúss lækkað. Breytt tillaga gerir ráð fyrir að verslunar- og þjónustuhús verði lækkað um eina hæð, þ.e. verði tveggja hæða hús með 9m hámarkshæð með lágreistu þaksniði, og eða bygging verði með flötu þaki, og þá hámarkshæð 8m. Þá hefur verið skerpt á texta í greinargerð varðandi látlausu og glýjulausa lýsingu, auk kvaða um gróður á lóðarmörkum. Skipulagsnefnd samþykkir uppfærða tillögu að deiliskipulagi í samræmi við 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, og mælist til að Bæjarstjórn Árborgar samþykki tillöguna, og feli skipulagsfulltrúa að senda skipulagsstofnun tillöguna til afgreiðslu í samræmi við 42.gr. skipulagslaga og auglýsa niðurstöðu Bæjarstjórnar Árborgar skv. 3.mgr. 41.gr. sömu laga.

Bragi Bjarnason, bæjarfulltrúi D-lista, tekur til máls og leggur fram eftirfarandi tillögu að afgreiðslu bæjarstjórnar: Bæjarstjórn Árborgar er sammála skipulagsnefnd og telur að megináhrif tillögunnar snúi að íbúum við Dranghóla

41-51, auk Dranghóla 10-12. Einnig að Heiðarstekk 1-3, Móstekki 7-51 meðfram Suðurhólum auk Melhóla 1-19, og að litlum hluta Hraunhólum. Bæjarstjórn bendir á að í kafla 3.1.1 aðalskipulags Árborgar, er átt við nýbyggingar íbúðabyggðar, ekki verslunar- og þjónustu. Í kafla 3.1.3, í Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036, er eftirfarandi listað upp: Að verslunar- og þjónustuvæði verði fjölbreytt og þjóni öllu sveitarfélaginu sem og nærsveitum. Að uppbygging á verslunar- og þjónustuvæðum sé með þeim hætti að hún stuðli að gönguvænu umhverfi og styðji við vistvænar samgöngur. Með gönguvænu umhverfi er átt við að leitast sé eftir að tryggja umferðaröryggi gangandi vegfarenda og aðgengi fyrir alla. Almennir skilmálar. Við deiliskipulagsgerð skal hugað að öruggum og aðgengilegum gönguleiðum á og við rýmisflek bílastæði og að tryggt sé að gönguleiðir innan lóða tengist stígakerfi sveitarfélagsins utan þeirra. Húsnæði á verslunar- þjónustuvæðum verði að jafnaði á 3-6 hæðum, eins og nánar er skilgreint í deiliskipulagi. Nýtingarhlutfall er á bilinu 1,0-2,5. Ef verið er með bílastæðakjallara getur nýtingarhlutfall verið allt að 3,0. Heimilt er að vera með djúpgáma fyrir sorp. Úr töflu 3. Vp9 - Norðurhólar - 4,7 ha - Á svæðinu er fyrirhugað að verði verslun með dagvöru og aðra þjónustu fyrir hverfin í kring. Nýtingarhlutfall á bilinu 1,0-2,5. „ Bæjarstjórn vill árétt að auglýst tillaga er í samræmi við gildandi aðalskipulag Árborgar, þar sem tiltekið er í kafla 3.1.3, að hús skuli að jafnaði vera 3-6 hæðir. Bæjarstjórn telur sig geta komið til móts við athugasemdir og samþykkir að tillögunni verði breytt á þann veg að áætluð hæð verslunar- og þjónustuhúss, verði lækkuð úr 12m hámarkshæð niður í 9m hámarkshæð, með heimild til 2 hæða byggingar, með lágreistu þaksniði. Einnig verði möguleiki á að bygging verði með flötu þaki, og þá verði hámarkshæð 8m. Vegna lögunar lóðar telur bæjarstjórn að færsla bílastæða til norðurs sé ekki möguleg. Við vinnslu uppfærðrar tillögu verður gerð aukin krafa um gróður á lóðarmörkum. Bæjarstjórn telur að um óveruleg áhrif sé að ræða gagnvart byggingu á tveimur til þremur hæðum gagnvart vindstrengjum á alla þá aðila sem gerðu athugasemdir. Lögð er fram breytt tillaga þar sem komið hefur verið til móts við athugasemdir íbúa í Dranghólum og Móstekki og bygging verslunar- og þjónustuhúss lækkað. Breytt tillaga gerir ráð fyrir að verslunar- og þjónustuhús verði lækkað um eina hæð, þ.e. verði tveggja hæða hús með 9m hámarkshæð með lágreistu þaksniði, og eða bygging verði með flötu þaki, og þá hámarkshæð 8m. Þá hefur verið skerpt á texta í greinargerð varðandi látlausu og glýjulausa lýsingu, auk kvaða um gróður á lóðarmörkum. Bæjarstjórn Árborgar samþykkir uppfærða tillögu að deiliskipulagi í samræmi við 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, og felur skipulagsfulltrúa að senda skipulagsstofnun tillöguna til afgreiðslu í samræmi við 42.gr. skipulagslaga og auglýsa niðurstöðu Bæjarstjórnar Árborgar skv. 3.mgr. 41.gr. sömu laga. Sigurjón Vídalín Guðmundsson, bæjarfulltrúi S-lista, Arnar Freyr Ólafsson, bæjarfulltrúi B-lista, taka til máls. Sigurjón Vídalín Guðmundsson, bæjarfulltrúi S-lista leggur til að málinu verði vísað aftur til skipulagsnefndar og að tillagan verði auglýst á ný. Bragi Bjarnason, bæjarfulltrúi D-lista óskar eftir því að hlé verði gert á fundinum. Fundarhlé hefst kl. 16.25 Fundi fram haldið kl. 16.33. Tillaga um að skipulagstillögunni verði vísað aftur til skipulagsnefndar og til auglýsingar á ný er tekin til atkvæðagreiðslu. Tillagan er felld með alls 6 atkvæðum, 5 atkvæðum bæjarfulltrúa D-lista og einu atkvæði bæjarfulltrúa Á-lista. Bæjarfulltrúar B- og S-lista ásamt Fjóla S. Kristinsdóttur, bæjarfulltrúa D-lista greiddu atkvæði með tillögunni. Upphafleg tillaga til afgreiðslu er borin undir atkvæði og samþykkt með alls 6 atkvæðum, 5 atkvæðum bæjarfulltrúa D-lista og einu atkvæði bæjarfulltrúa Á-lista. Fjóla S. Kristinsdóttir bæjarfulltrúi D-lista situr hjá við atkvæðagreiðsluna ásamt bæjarfulltrúum B-lista og S-lista

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,  
Rúnar Guðmundsson  
skipulagsfulltrúi



# Metskráning og þátt-takendur frá 32 löndum

Hengill Ultra fór fram um helgina í Hveragerði við krefjandi skilyrði. Mótshaldarar þurftu að breyta hlaupaleið lengstu hlaupanna vegna veðurs en á föstudag og vel yfir miðjan laugardag glímdu skipuleggjendur og þátttakendur við mikinn vind sem virtist á tímabili koma úr öllum áttum. Mótið gekk þó vonum framár og upp úr miðjum degi á laugardag brast á sumarveður í Hveragerði þar sem keppendur gerðu vel við sig í mat og drykk í blíðskaparveðri að keppni lokinni. Alls mætti 1.301 keppandi til leiks en í það heila voru 1.425 skráðir í mótið þetta árið sem er met skráning.

## 106 km úrslit

Íslendingurinn Friðrik Benediktsson sigraði 106 km hlaupið í Hengil en hann kom í mark rétt fyrir 9:00 á laugardagsmorgun á tímanum 14:36. Ester María Ólafsson vann kvennaflokkinn. Í öðru sæti karla var Senan Oesch frá Swiss en svo komu þeir Hrólfur Vilhjálmsson og Egill Trausti Ómarsson saman í mark og deila með sér 3. og 4. sætinu. Hlaupið hófst klukkan 18:00 á föstudagskvöld, þegar 21 hlaupari hóf keppni en af þeim kláruðu 14 þátttakendur.

## 53 km úrslit

Grétar Örn Guðmundsson sigraði Hengil Ultra 53 km á tímanum 04:28. Í öðru sæti var spánski Chema Martínez, fyrrum Evrópumeistari í 10.000 metra hlaupi sem var sérstakur heið-



Ljósmyndir: Hengill Ultra/Magnús Stefán Magnússon

ursgestur mótsins og í þriðja sæti var Egill Gunnarson. Í kvennaflokki var það Sif Árnadóttir sem kom fyrst kvenna í mark á tímanum 05:16. Í öðru sæti var Helga Fabian frá Íslandi og í þriðja sæti var Noëmi Löw frá Sviss

## 26 km úrslit

Búi Steinn Kárasen sigraði 26 km Hengil á tímanum 1:46 og á eftir honum kom daninn Andreas Dam og í þriðja sæti var Atli Sveinbjörnsson. Anna Berglind Pálmadóttir kom fyrst kvenna í mark á tímanum 1:58, Steinunn Lilja Pétursdóttir varð í öðru sæti og í þriðja varð Hildur Aðalsteinsdóttir

## Alþjóðleg hlaupaveisla

Í ár tóku þátt 153 erlendir hlauparar frá 32 mismunandi þjóðlöndum. Langflestir frá Bretlandi, Bandaríkjunum, Mexikó,

Frakklandi og Danmörku. Hengill Ultra er sannkallað hlaupa festival og Hveragerði heimaþing mótsins breytist í höfuðstað utanvegahlaupara þessa helgi. Allir gístaðir og frábæru veitingastaðirnir í Hveragerði taka fagnandi á móti gestum og fullt um að vera fyrir áhorfendur og fjölskyldur hlaupara á meðan hlaupið fer fram

Hægt er er skoða öll úrslit og tíma allra á <https://timataka.net/hengillultra2024/>



**PÚLSINN**

Raf & kæliþjónusta

**Kæli & Frystikerfi**

Viðgerðir · Þjónusta

Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · [pulsinn@pulsinn.com](mailto:pulsinn@pulsinn.com)



Bílasprautun · Bílaréttingar  
Bílrúðuskipti

**Bilverk BA**

Þar sem  
fagmennirnir vinna



Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424  
[bilverkba.is](http://bilverkba.is)

BRAC AF VINATTU!

**Fæst hjá**  
**BYKO** Selfossi

**FROST**  
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA  
HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

**LAGNIR**

**ALHLIÐA  
PÍPULAGNINGA  
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001  
Guðjón - Sími 888 8002  
[800lagnir@800lagnir.is](mailto:800lagnir@800lagnir.is)

**HREINGERINGA-  
ÞJÓNUSTA Suðurlands ehf.**

Allar ræstingar  
Steinteppehreinsun, teppahreinsun,  
bón, gluggahreinsun o.fl.  
Sími 897 8444  
*Þreint um allt Suðurland*

**Lagnabjónustan ehf**

**Pípulagnir - Efnissala**  
**482 2311 ☎ 696 2311**  
**Skrifstofa Þjónustusími**

**HEYRN**  
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600  
[www.heyirn.is](http://www.heyirn.is)

**NÝTT**

**Vinnuvélanámskeið  
á netinu!**  
[www.vinnuvelaskolinn.is](http://www.vinnuvelaskolinn.is)

**STÍFLULOSUN**  
SUÐURLANDS

Lagnamyndun  
Rótarhreinsun  
Stíflulosun  
Lagnafóðrun

**Sími 510 1180**  
Hellismýri 14 - 800 Selfossi

**Sprettur  
ÁBURÐUR**

**Skeljungur**  
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri  
GSM: 840 3009

**Ökukennsla**

Kristinn M. Bárðarson  
S: 896-5798 / 777-5798

**Beinskiptur /  
Sjálfskiptur bíll**

**VÉLSMÍÐJA  
SUÐURLANDS ehf**  
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala  
Rennismíði  
Innréttingar  
Járnsmíði**

Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

**Pípulagnir Júlla**

**Persónuleg þjónusta**

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - [ornja@bt.net.is](mailto:ornja@bt.net.is) - [www.pipulagnirjulla.is](http://www.pipulagnirjulla.is)

**FALIN PARADÍS**  
Tjaldsvæðið Hraunborgum Grímsnesi

Allt fyrir fjölskylduna, sundlaug, heitir pottar og sauna Leiksvæði fyrir börnin, veitingastaður, bar og golfvöllur. Opíð alla daga frá kl. 11 - 21 nema föstudaga og laugardaga lokar kl. 23. Markaður alla laugardaga frá kl. 10 - 15. Í sumar þar sem er að finna nýbakað brauð og bakkelsi ofl.  
Sími 692 3555 - [hraunborgir33@gmail.com](mailto:hraunborgir33@gmail.com)